



Fundur í sveitarstjórn

68. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri fimmtudaginn 10. ágúst 2017 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Reynir Atli Jónsson, Oddný Kristjánsdóttir, Heiðrún Óladóttir, Karl Ásberg Steinsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Til máls tóku Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Fundargerð 851. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. júní 2017.
2. Fundargerð 33. fundar samtaka sjávarútsvegssveitarfélaga, dags. 30. maí 2017.
3. Fundargerð 34. fundar samtaka sjávarútsvegssveitarfélaga, dags. 7. júní 2017.
4. Fundargerð 191. fundar heilbrigðisnefndar norðurlandssvæðis eystra, dags. 6. apríl 2017.
5. Fundargerð 192. fundar heilbrigðisnefndar norðurlandssvæðis eystra, dags. 12. júní 2017.
6. Fundargerð 193. fundar heilbrigðisnefndar norðurlandssvæðis eystra, dags. 29. júní 2017.
7. Fundargerð 26. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 24. júlí 2017.
8. Kaffihús og fleira á Bakkafirði.
9. Ítrekun á fyrri ósk um gögn vegna urðunar og sorpmála í Langanesbyggð.
10. Umsögn um rekstrarleyfi um gististað án veitinga að Felli.
11. Vegagerðin, úthlutun úr styrkvegasjóði 2017, bréf dags. 28. júní 2017.
12. Umhverfisráðuneyti, umsókn um urðun sorps á Bakkafirði, dags. 26. júlí 2017.
13. Greið leið ehf. hlutafjáraukning, bréf dags. 25. júlí 2017.
14. Gjaldfrjáls námsgögn í grunnskóla.
15. Finnafjarðarverkefnið, punktar frá fundi með landeigendum.
16. Ljósleiðaravæðing dreifbýlis Langanesbyggðar.
17. Samningur um sorphirðu í Langanesbyggð.
18. Samningur um rekstur urðunarstaðar.
19. Skýrsla sveitarstjóra.



Fundargerð

- 1. Fundargerð 851. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. júní 2017.**
Fundargerðin lögð fram.
- 2. Fundargerð 33. fundar samtaka sjávarútsvegssveitarfélaga, dags. 30. maí 2017.**
Fundargerðin lögð fram.
- 3. Fundargerð 34. fundar samtaka sjávarútsvegssveitarfélaga, dags. 7. júní 2017.**
Fundargerðin lögð fram.
- 4. Fundargerð 191. fundar heilbrigðisnefndar norðurlandssvæðis eystra, dags. 6. apríl 2017.**
Fundargerðin lögð fram.
- 5. Fundargerð 192. fundar heilbrigðisnefndar norðurlandssvæðis eystra, dags. 12. júní 2017.**
Fundargerðin lögð fram.
- 6. Fundargerð 193. fundar heilbrigðisnefndar norðurlandssvæðis eystra, dags. 29. júní 2017.**
Fundargerðin lögð fram.
- 7. Fundargerð 26. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 24. júlí 2017.**
Fundargerðin lögð fram.
Til máls tók Elías Pétursson.
Liður 2: Umsókn um breytingar á húsi við Fjarðarveg 33.
Samþykkt um bókun: Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.
Samþykkt samhljóða.
Liður 3: Umsókn um byggingarleyfi að Fjarðarvegi 2.
Til máls tók: Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun:
 - U-listinn leggur til að samhliða ákvörðun um staðsetningu á nýjum skála verði svæðið í kring og framtíðarakvegur niður á höfn tekinn til skoðunar og unnið framtíðarskipulag fyrir svæðið. Leggjum til að USN og HN verði fengnar til að vinna að hugmyndum ásamt skipulagsfræðingi Langanesbyggðar.
 - U-listinn leggur til að rætt verði við N1 um hönnun og stærð á nýjum skála fyrirtækisins á Þórshöfn.



Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson.

Samþykkt um bókun: Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.

Samþykkt með fjórum atkvæðum.

Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Karl Ásberg Steinsson sitja hjá.

8. Kaffihús og fleira á Bakkafirði.

Liður þessi er tekinn á dagskrá að ósk U-lista.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun:

U-listinn telur að það hefðu verið eðlileg vinnubrögð að fjalla um málefni verslunarhúsnæðis á Bakkafirði á fundum sveitarstjórnar.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson, Þorsteinn Ægir Egilsson.

9. Ítrekun á fyrri ósk um gögn vegna urðunar og sorpmála í Langanesbyggð.

Liður þessi er tekinn á dagskrá að ósk U-lista.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson og óskaði eftir fundarhlé kl. 18:03. Samþykkt.

Oddviti setti fund aftur kl. 18:08.

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun:

Fram hefur komið að ýmis samskipti höfðu farið fram á milli sveitarfélagsins, MAST og UST sem við á U-listanum höfðum ekki heyrt um áður. Í framhaldinu af því sendum við inn ósk á skrifstofu sveitarfélagsins þar sem óskað var eftir að sjá öll gögn sem hafa farið fram á milli þessara aðila. Við höfum ekki fengið umrædd gögn þrátt fyrir ítrekaðar óskir.

Reynir Atli Jónsson lagði fram ósk um fundarhlé kl. 18:09. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:46 og lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er mat meirihluta að öll umbeðin gögn hafi verið send út eða kynnt á fundum sveitarstjórnar. Í ljósi framkominnar bókunar U-listans er sveitarstjóra falið að yfirfara öll gögn er málið varðar og bera saman við þau gögn sem hafa verið lögð fram eða kynnt og senda sveitarstjórn hafi einhver gögn misfarist og ekki verið send. Meirihlutinn hafnar því alfarið að gögnum hafi verið haldið vísitandi frá minnihluta sveitarstjórnar, eins og fram hefur komið í máli fulltrúa U-listans.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhlé kl. 18:48. Samþykkt.

Oddviti setti fund kl. 18:56.

Til máls tóku: Karl Ásberg Steinsson, Þorsteinn Ægir Egilsson. Karl Ásberg lagði fram svohljóðandi bókun:



U-listinn fagnar því að gögn verði tekin saman um málið, en minnst þess ekki að hafa sakað neinn um að hafa vísitandi haldið að sér gögnum, en sannarlega bárust engin gögn við formlegri fyrirspurn okkar.

Reynir Atli óskaði eftir fundarhlé kl. 18:59. Samþykkt.

Oddviti setti fund kl. 19:04.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson.

10. Umsögn um rekstrarleyfi um gististað án veitinga að Felli.

Lagt fram erindi sýslumannsins á Norðurlandi eystra um umsögn sveitarfélags um rekstrarleyfi gististaðar á Felli án veitinga, skv. lögum nr. 85 frá 2007.

Samþykkt um bókun: Sveitarstjórn samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða.

11. Vegagerðin, úthlutun úr styrkvegasjóði 2017, bréf dags. 28. júní 2017.

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni, dags. 28. júní 2017, vegna umsóknar um úthlutun úr styrkvegasjóði. Fram kemur að samþykkt var kr. 1.900.000 fjárveiting til Langanesbyggðar á almanaksárinu 2017.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson.

Samþykkt um bókun: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við þá fyrri stefnumótun að styrk ársins skuli varið til vegabóta á heiðavegum. Horfa skal sérstaklega til vegar upp frá Hallgilsstöðum inn á svokallaða Austurheiði.

Samþykkt samhljóða.

12. Umhverfisráðuneyti, umsókn um urðun sorps á Bakkafirði, dags. 26. júlí 2017.

Lagt fram til kynningar bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 26. júlí 2017, hvar tímabundin undanþága er veitt frá starfsleyfi urðunar sorps við Bakkafjörð. Undanþágan er veitt á meðan lokið er við gerð starfsleyfis þó ekki lengur en til 1. janúar 2019.

Til máls tóku: Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson. Karl Ásberg lagði fram svohljóðandi tillögu:

U-listinn leggur til að vinna hefjist strax við leit að nýjum urðunarstað í Langanesbyggð.

Oddviti gerði hlé á fundi kl. 19:19.

Oddviti setti fund kl. 19:25.

Tillagan felld með 4 atkvæðum gegn 3. Með tillögunni greiddu: Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Karl Ásberg Steinsson. Á móti: Þorsteinn Ægir Egilsson, Reynir Atli Jónsson, Oddný Kristjánsdóttir, Heiðrún Óladóttir.

Heiðrún lagði fram svohljóðandi bókun:



Meirihluti sveitarstjórnar vill benda U-lista á að samskonar tillaga hefur áður verið rædd í sveitarstjórn, þar sem henni var fyrst vísað til starfshóps sem settur var á stofn vegna málsins og síðan var verkefninu vísað af sveitarstjórn til umhverfis- og skipulagsnefndar. Það var gert í tíð síðasta meirihluta. Meirihlutinn tekur undir með U-lista hvað það varðar að ýta eftir umhverfis- og skipulagsnefnd að koma með tillögur að nýjum urðunarstað, enda ljóst að þörf er á því. Af þeim sökum telur meirihlutinn ekki ástæðu til að samþykkja tillögu U-listan, enda er málið fyrir allnokkru síðan komið á verkefnalista umhverfis- og skipulagsnefndar eftir umfjöllun í sveitarstjórn.

Siggeir óskaði eftir fundarhléi kl. 18:26. Samþykkt.

Oddviti setti fund kl. 18:35.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun:

Skv. bestu vitneskju U-listans er engin vinna í gangi við leit að nýjum urðunarstað í Langanesbyggð. Því teljum við að það sé nauðsynlegt að taka upp málið að nýju.

Til máls tók: Elías Pétursson.

13. Greið leið ehf. hlutafjáraukning, bréf dags. 25. júlí 2017.

Lagt fram bréf frá Greiðri leið ehf., dags. 25. júlí 2017, vegna lokaáfangna hlutafjáraukningar félagsins um 40 m.kr. Langanesbyggð hefur forkaupsrétt að hlutafé að andvirði kr. 213.653 vegna 1,45% eignar sinnar í félaginu. Að auki er þess farið á leit að sveitarfélagið greiði kr. 43.444 í 3 m.kr. hlutdeild sem að mælst er til að aðrir hlutafjáreigendur taki til að halda Akureyrarbæ undir 50% hlutafjáreign í félaginu. Veittur er frestur til 15. september næstkomandi til greiðslu nýs hlutafjár.

Til máls tóku: Þorsteinn Ægir Egilsson, Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson.

Samþykkt um bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að taka þátt í hlutafjáraukningu með greiðslu kr. 257.097. Sveitarstjóra falið að ljúka málinu.

Samþykkt samhljóða.

14. Gjaldfrjáls námsgögn í grunnskóla.

Meirihluti L og N-lista leggja fram eftirfarandi bókun: Fulltrúar L og N lista hafa þá sameiginlegu stefnu að unnið verði að því með markvissum hætti að gera grunnskólann raunverulega gjaldfrjálsan og að skólinn sjái nemendum sínum fyrir ritföngum og öðrum nauðsynjum sem teljast hluti af almennri skólasókn íslenskra barna án endurgjalds. L og N-listi telja enda eðlilegt og sjálfsagt að öll útgjöld vegna reksturs grunnskóla séu fjármöggnuð í gegnum sameiginlega sjóði og þannig tryggt að þjónusta skólans sé í boði án tillits til efnahags. Núverandi fyrirkomulag leiðir óhjákvæmilega til aðstöðumunar milli barna og það eigum við sem samfélag ekki að sætta okkur við.

Í ljósi ofangreinds leggja L og N-listi fram eftirfarandi tillögu: Lagt er til að öllum grunnskólabörnum í Langanesbyggð verði veittur hluti nauðsynlegra námsgagna (s.s. ritföng, stílabækur, límstifti, möppur og einfaldir vasareiknar) þeim að kostnaðarlausu



frá og með hausti 2017. Fjármögnun hvað haustönn varðar skal vera af núverandi fjárheimildum málaflokksins, gera skal ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlun næsta árs. Áætlaður kostnaður á skólaári er kr. 450.000. Sveitarstjóra er einnig falið í samvinnu með skólastjóra að semja verklagsreglur er varða þetta fyrirkomulag.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.

Oddviti gerði hlé á fundi kl. 19:45.

Oddviti setti fund að nýju kl. 19:50.

Samþykkt um bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framkomna tillögu L og N-lista og felur sveitarstjóra að framkvæma í samvinnu við skólastjóra.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhléi kl. 19:53. Samþykkt.

Fundur settur að nýju kl. 19:55.

Tillagan samþykkt samhljóða.

15. Finnaþjarðarverkefnið, punktar frá fundi með landeigendum.

Fram er lagðir til kynningar fundarpunktar frá fundi samstarfshóps Langanesbyggðar og Vopnaþjarðarhrepps í Finnaþjarðarmálinu. Fundurinn var haldinn í samræmi við ákvæði í viljayfirlýsingu sem undirrituð var 2016 og er á milli aðila er að verkefninu koma. Sveitarstjóri tók til máls og fór yfir það helsta sem á fundinum kom fram og niðurstöðu hans. Meginefni fundarins var að kynna landeigendum hugmynd þess efnis að landeigendur stofnuðu með sér félag sem yrði sameiginlegur málsvari þeirra gagnvart öðrum hagsmunaaðilum. Hlutverk félagsins yrði að gæta hagsmuna landeigenda sameiginlega. Einnig var farið ítarlega yfir stöðu verkefnis og þær hugmyndir sem væru uppi um möguleika svæðisins til framtíðar. Fundurinn heppnaðist vel og var hann bæði ánægjulegur og gagnlegur og til þess fallinn að efla frekari samvinnu aðila.

Einnig fór sveitarstjóri yfir það að verið væri af samráðshópi sveitarfélaganna í verkefninu að undirbúa vinnufund sveitarstjórna í báðum sveitarfélögum með lögfræðingum sveitarfélaganna, stefnt er að fundi í kring um komandi mánaðarmót.

Til máls tóku: Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson.

16. Ljósleiðaravæðing dreifbýlis Langanesbyggðar.

Fram eru lögð drög að rammaskomulagi er varðar ljósleiðaravæðingu í dreifbýli Langanesbyggðar. Rammaskomulagið gengur út á að skilgreina hlutverk Langanesbyggðar og Fjarskiptafélags Svalbarðshrepps vegna framkvæmda og reksturs ljósleiðarakerfis í dreifbýli í Langanesbyggð. Einnig er í samkomulaginu skýrð fyrirhuguð innkoma Langanesbyggðar í félagið.

Til máls tóku: Þorsteinn Ægir Egilsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Elías Pétursson, Karl Ásberg Steinsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Elías Pétursson.

Samþykkt um bókun: Samþykkt að sveitarstjóra verði veitt heimild til undirritunar rammaskomulagsins og að vinna í framhaldi þau verkefni sem fylgja. Þau verkefni



eru helst að láta útbúa samninga og skjöl í samvinnu við framkvæmdastjóra Fjarskiptafélagsins, vinna viðauka við fjárhagsáætlun Langanesbyggðar og annað sem þarf til að koma málum áfram.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson, Reynir Atli Jónsson, Elías Pétursson. Samþykkt samhljóða.

Þorsteinn Ægir Egilsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Meirihlutinn fagnar sérstaklega þeim merka áfanga í byggðasögu Langanesbyggðar sem nú hillir undir, þ.e. framkvæmda við ljósleiðaratengingu dreifbýlis sveitarfélagsins. Er það einlæg skoðun meirihlutans að umrætt framfaraspör muni auka lífsgæði, fjölga tækifærum og styrkja byggð, því ber að fagna.

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun:

U-listinn hefur lagt og leggur mikla áherslu á að ljósleiðaravæðing í Langanesbyggð verði að veruleiku og málinu verði flýtt eins og kostur er.

17. Samningur um sorphirðu í Langanesbyggð.

Fram er lagður óundirritaður samningur milli Langanesbyggðar og Íslenska Gámafélagsins um sorphirðu í sveitarfélaginu. Samningurinn er til þriggja ára og tekur til allrar sorphirðu, leigu og flutnings gáma og afsetningar endurnýtanlegs úrgangs fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess. Sveitarstjóri tók til máls og fór yfir fyrirbyggjandi samning og hugmyndafræðina að baki honum. Megininntak samningsins er bætt flokkun úrgangs, skýrari ábyrgð aðila og vönduð meðferð sameiginlegra sjóða samfélagsins í Langanesbyggð. Ein afleiða samningsins er að byggja þarf flokkunarskýli á báðum gá mavöllum sveitarfélagsins og að ráða þarf mann í hlutastöðu þar sem sveitarfélagið tekur nú yfir rekstur gá mavalla og flokkun því tengda. Heildarkostnaður sveitarfélagsins og stofnana þess 2016 var 23.9 milljónir með virðisaukaskatti, áætlaður heildarkostnaður á ári vegna nýs samnings beint er 22,3 milljónir. Til að auðvelda samanburð er innifalin í áætlunartölum kostnaður vegna urðunar. Við það bætist kostnaður sem fellur til vegna hins breytta fyrirkomulags, þar er annarsvegar um að ræða einskiptiskostnað og hins vegar rekstrarkostnað sem aðallega felst í launakostnaði. Sveitarstjóri lagði á það áherslu að vegna breyttrar hugmyndafræði gefast nú með bættri flokkun tækifæri til sparnaðar í málaflokknum.

Til máls tóku: Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson, Karl Ásberg Steinsson.

Oddviti gerði fundarhlé kl. 21:06.

Fundur settur kl. 21:08.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að veita sveitarstjóra heimild til undirritunar framlagðs samnings við Íslenska Gámafélagið og vinnu þeirra verkefna sem breyttu fyrirkomulagi fylgja. Einnig að lögð verði fyrir næsta eða þarnaesta sveitarstjórnarfund útfærð og kostnaðarmetin tillaga vegna flokkunarskýla. Enn fremur



er sveitarstjóra falið að hefja undirbúning þeirra verkefna sem falla til vegna sammingsins.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhlé kl. 21:09.

Fundur settur kl. 21:11.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

18. Samningur um rekstur urðunarstaðar.

Fram er lagður óundirritaður samningur milli Langanesbyggðar og Unnsteins Árnasonar vegna rekstrar urðunarsvæðis og gámapallar á Bakkafirði. Sveitarstjóri sem hafði farið yfir efni sammingsins í kynningu undir lið hér að ofan tók til máls og skýrði nokkur atriði. Meginhugsun sammingsins er að umsjónarmaður urðunarstaðar sé ekki sá sami og söfnunaraðili sorps. Þetta er gert til að skýra ábyrgð og tryggja að ekki verði urðað annað á staðnum en það sem leyfilegt er, en misbrestur hafði því miður verið á því í fyrra fyrirkomulagi. Kostnaður vegna sammingsins er áætlaður ríflega 4,5 milljónir á ári á samningstímanum, einnig fellur til kostnaður vegna opunar urðunarstaðarins.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að undirrita umræddan samning.

Samþykkt samhljóða.

19. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri tók til máls og fór yfir þau verkefni sem helst hafa verið í gangi og ekki er fjallað um hér að ofan, fram kom að ekki er um tæmandi lista að ræða heldur stiklað á stóru.

Bakkafjörður átak í endurreisn byggðar. Verkefnishópur hefur verið settur saman og eru í honum þrjú þingmenn kjördæmis, þrjú tilnefndir af listum sem skipa sveitarstjórn, einn frá Byggðastofnun, einn frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, einn íbúi á Bakkafirði og sveitarstjóri. Nú stendur yfir vinna við gagnaöflun og undirbúningur fundar hópsins sem halda á, á Bakkafirði seinni hluta þessa mánaðar.

Fasteignir í Langanesbyggð. Lokið er að mestu við málningarvinnu utan að smávægileg vinna er eftir við félagsheimili og eftir er að mála stafi á gafl hússins. Einnig er einhver vinna eftir við málningu húsnæðis Grunnskólans á Bakkafirði, ýtt hefur verið á eftir verktaka varðandi verklok. Lokið er við árlegt viðhald og úrbætur á skóla og leikskóla ásamt viðhaldi á lóðum og tækjum. Ljóst er eins og allir vita að mikil þörf er á frekari úrbótum varðandi aðstöðu leikskólans.

Fjallskil. Gangnaseðill er tilbúinn og verða hann og fjallskiladagar kynntir fljótlega.

Veraldarvinir hafa verið að störfum við ýmis þörf verkefni er varða fegrin og bætt umhverfi, ber þar hæst hreinsun strandlengju sem hefur gengið vel. Farið hefur verið með hópana í ferðir um nágrennið, á hestbak og í sjóferðir. Síðasti hópurinn er á Bakkafirði þessa dagana.



Nýtt símkerfi hefur verið sett upp og er þar á ferð mikið bót og umtalsverður sparnaður í rekstri. Áætlaður sparnaður nemur nálægt 600 þúsundum á ári.

Eftirlitsmyndavélar eru komnar upp og unnið er að því að gera þær aðgengilegar á heimasíðu ásamt og að verið er að finnstilla ýmislegt.

Stafrænt aðgengi gagna. Áfram hefur verið unnið að því að koma eldri skjölum á stafrænt form ásamt því að skipuleggja betur þau gögn sem stafræn voru. Nú er verið að skanna inn gögn sem tilheyrðu Skeggjastaðahreppi og hafa gildi fyrir stjórnslu hins sameinaða sveitarfélags.

Langanesvegur 2. Mál vegna ásyndar húss er komið í dagssektuferli ásamt því að sveitarstjóri hefur verið í samskiptum við eigendur. Ein afleiða þeirra samskipta var að nýverið sló sveitarfélagið lóðina og bætti ásynd hennar á kostnað eigenda.

Til máls tóku: Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 21:40.